

REGLUR UM SKÓLASÓKN Í GRUNNSKÓLUM ÞINGEYJARSVEITAR



Samkvæmt 19. grein laga um grunnskóla bera forsjáraðilar barns ábyrgð á því að börn þeirra sækji skóla. Skólastjóra ber að vísa ófullnægjandi skólasókn nemenda til fræðslu- og barnaverndaryfirvalda. Mikilvægt er að skoða hvert mál fyrir sig út frá stöðu barns og eiga í góðri samvinnu við heimilin.

Hér fyrir neðan eru viðmið um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn sökum leyfa/veikinda/fjarvista nemenda til að hafa til hliðsjónar þegar grunur vaknar á að nemandi glími við skólaforðun.

Þrep 1

8-10 dagar

Kortlagning á ástæðum fjarvista

Umsjónarkennari fer yfir mætingarskráningar barns í námsumsjónarkerfi (veikindi, leyfi - útskýrð og óútskýrð). Hann gerir forsjáraðilum viðvart og fær upplýsingar frá þeim til frekari kortlagningar á ástæðum fjarvistanna. Í framhaldi fundar umsjónarkennari með samstarfsaðilum í teymi barns og sérkennslufulltrúa þar sem tekin er ákvörðun um næstu skref.

Þrep 2

11-16 dagar

Umsjónarkennari boðar forsjáraðila barns til fundar ásamt skólastjórnanda og/eða sérkennslufulltrúa barns auk barnsins sjálfs eftir atvikum. Á fundinum er vandinn greindur og reynt að finna mögulegar lausnir. Á fundinum er jafnframt ákveðið hvort mynda eigi þjónustuteymi utan um málefni barns.

Þrep 3

17-22 dagar

Umsjónarkennari/skólastjórnandi upplýsir skólaþjónustu Þingeyjarsveitar og óskar eftir aðstoð við leit að lausn á vanda barns.

Þrep 4

23+ dagar

Nemendaverndarráð upplýst um stöðuna og tilkynning send til barnaverndarþjónustu

Forsjáraðilar geta ávallt óskað eftir samþættingu í þágu farsældar barns með því að hafa samband við tengilið skólans.